

Hundavernd

Vátryggingarskilmálar nr. ED14

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sér-skilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ED14.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- I. Inngangur
- II. Almennir skilmálar
- III. Sjúkrakostnaðartrygging
- IV. Líftrygging
- V. Afnotamissistrygging (Eingöngu hægt að kaupa sem viðbót við líftryggingu)
- VI. Umönnunartrygging
- VII. Ábyrgðartrygging

I. Inngangur

Í skilmálum þessum er að finna skilmála fyrir váttryggingar í Hundavernd VÍS svo og almenna skilmála fyrir þær váttryggingar. Á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun kemur fram hvaða váttryggingar eru í gildi fyrir viðkomandi hund.

II. Almennir skilmálar

Efnisyfirlit:

1. Váttryggðir hagsmunir
2. Váttryggður
3. Váttryggingin gildir
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Samsömun
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Eigendaskipti
11. Slys
12. Sjúkdómur
13. Lækniskostnaður
14. Læknismeðferð
15. Tvítrygging
16. Umferðaróhapp
17. Upplýsingaöflun
18. Skammstafanir
19. Fyrning

1. Váttryggðir hagsmunir

Váttryggingin tekur til þess hunds sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Váttryggður

- 2.1 Eigandi hundsins er váttryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu váttryggða eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

- 3.1 Vátryggingin gildir á Íslandi.
- 3.2 Fyrir innfluttan hund tekur vátryggingin gildi eftir dvöl hans í einangrunarstöð eða sambærilegri stofnun, nema annað komi fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Umhirða hundsins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr. 15/1994 með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga.
- 5.2 Hundurinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Einnig skal farið eftir öðrum ráðleggingum dýralækna varðandi heilsu hundsins. Farið skal eftir þeim heilbrigðiskröfum sem eru skilyrtar í leyfum vegna hundahalds.
- 5.3 Ef feldur hundsins krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hann hefur aðrar sérstakar þarfir eða þolir ekki venjulega umhirðu, skal vátryggingartaki bera ábyrgð á að þess sé gætt.
- 5.4 Vátryggingartaki verður að hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hundurinn sýnir merki um lasleika eða þyngdartap. Einnig þarf að hafa tafarlaust samband við dýralækni hraki heilsu hundsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hundurinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.
- 5.5 Vátryggingartaki skal halda utan um allar heimsóknir hundsins til dýralæknis.
- 5.6 Sé ferðast með hundinn í farþegarými ökutækis skal hann vera í þar til gerðu búri eða hundabílbelti. Ef hundurinn er laus í farangursrými skal vera grind í bílnum sem skilur að farþega- og farangursrými.
- 5.7 Hundurinn skal vera í hundaól á þeim stöðum sem krafa er gerð um slíkt.

6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Samsömun

- 7.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinum vátryggða hundi.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggð og umsjónarmanni hins vátryggða hunds.

8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

- 9.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

- 9.3 Ef tjón er bætt úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu falla allar tryggingar hundsins í Hundavernd niður frá tjónsdegi. Ef hundurinn lifir gilda ábyrgðartryggingin og umönnunartryggingin þó áfram, ef þær voru til staðar þegar tjónið varð.

10. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum váttryggða hundi fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

11. Slyss

Með orðinu slyss er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað hundsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hundinum og gerist án vilja þess sem annast hann.

12. Sjúkdómur

Með orðinu sjúkdómur er átt við að hundurinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi.

13. Lækniskostnaður

- 13.1 Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Enn fremur lyfja sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa.
- 13.2 Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.3 Kostnaður vegna sjúkraþjálfunar og endurhæfingar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.4 Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.

14. Læknismeðferð

Skoðun og meðferð skal vera framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðiþekkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

15. Tvítrygging

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu

16. Umferðaróhapp

Ef ekið er á hundinn verður að skila inn upplýsingum um hvaða ökutæki átti í hlut. Ef það er ekki vitað skal tilkynna lögreglu um að ekið hafi verið á hundinn og skila lögregluskýrslu til félagsins.

17. Upplýsingaöflun

Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er félaginu heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um fyrri sjúkrasögu og heilsufar hundsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.

18. Skammstafanir

HRFÍ merkir í skilmálum þessum Hundaræktarfélag Íslands.

19. Fyrning

- 19.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 19.2 Vegna annarra váttrygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

III. Sjúkrakostnaðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Aldurstakmörk
4. Eigin áhætta
5. Bótakrafa

1. Bótasvið

Váttryggingin bætir læknskostnað vegna:

- 1.1 Skoðunar og meðferðar hundsins vegna sjúkdóms eða slyss.
 - 1.2 Keisaraskurðar sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur að álitu dýralæknis, þó greiðir félagið aldrei meira en tvo keisaraskurði vegna hvernar tíkar meðan hún lifir. Aldrei er greiddur keisaraskurður fyrir Boston terrier, enskan bulldog eða franskann bulldog.

Ef tíkin var hvolpafull við tryggingartöku greiðir félagið ekki bætur ef til keisaraskurðar kemur í því tilviki.
 - 1.3 Geldingar eða ófrjósemisaðgerðar sem framkvæma þarf af læknisfræðilegum ástæðum vegna eftirfarandi sjúkdóma: sykursýki (diabetes mellitus), legbólgu (metritis), meiðsla vegna gots, skeiðarsigs (vaginal prolapse), sjúkdóms í blöðruhálskirtli, spangarkviðslits (perineal hernia), kirtilæxlis við endaparm (anal adenoma), eistnabólgu (testicular inflammation) og æxlisvaxtar í legi, eistum, leggöngum eða eggjastokkum.
 - 1.4 Lýtalækninga sem taldar eru læknisfræðilega nauðsynlegar að mati dýralæknis.
 - 1.5 Olnbogaloss (Elbow Displacia, ED) og liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow), ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður samfelld hjá félaginu frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.

1.5.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vegna þess vera staðfestar af HRFÍ.

1.5.2 Ef hundurinn er af tegund, sem skilyrði er hjá HRFÍ að sé olnbogamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.

Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
 - 1.6. Mjaðmaloss (Hip Displacia, HD) og liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip), ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ og hefur verið tryggður hjá félaginu, samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.

1.6.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vegna þess vera staðfestar af HRFÍ.

1.6.2 Ef hundurinn er af tegund, sem skilyrði er hjá HRFÍ að sé mjaðmamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.

Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
 - 1.7 Beinklökkva, bein- og brjóskkvelli (osteochondrosis) í öðrum liðum en mjaðma- og olnbogalið ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður hjá félaginu samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
- #### Váttryggingin bætir ekki læknskostnað vegna:
- 1.8 Sjúkdóms sem hundurinn fær innan 14 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitu dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.

- 1.9 Skoðunar eða meðferðar í tengslum við meðgöngu eða got.
 - 1.10 Geldingar eða ófrjósamisaðgerðar vegna annarra orsaka en getið er í gr. 1.3.
 - 1.11 Mjaðmaloss (HD), olnbogaloss (ED), liðbólgu í mjaðmalið eða í olnboga (arthrosis of the hip or elbow), nema samkvæmt því sem tilgreint er í gr. 1.4 og 1.5.
 - 1.12 Naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
 - 1.13 Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
 - 1.14 Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanleg.
 - 1.15 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr váttryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
 - 1.16 Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
 - 1.17 Skýs á augasteini (cataract).
 - 1.18 Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - 1.19 Sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti. Váttryggingin bætir þó meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
 - 1.20 Segulómskoðunar (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndatöku (Computer Tomography, CT).
 - 1.21 Sýnatöku og rannsóknna til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
 - 1.22 Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
 - 1.23 Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
 - 1.24 Hundafárs (canine distemper).
 - 1.25 Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúid ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.
- Félagið greiðir ekki:**
- 1.26 Álag á læknskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.
 - 1.27 Kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð, sem er hámarksbætur í hverju tjóni, og jafnframt hámarksbætur á hverju váttryggingartímabili kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Þegar talað er um hámarksbætur er átt við bætur, þegar búið er að draga eigin áhættu frá.
- 2.3 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

3. Aldurstakmörk

- 3.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hundur ekki vera yngri en 8 vikna eða eldri en 5 ára.
- 3.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækka hámarksbætur um 20%, og síðan árlega um 20% af hámarksbótum hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Hvert tímabil eigin áhættu er 100 dagar.
Á hverju tímabili greiðir váttryggingartaki einu sinni fasta fjárhæð í eigin áhættu sem er tilgreind á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun og síðan 10% af læknskostnaði á tímabilinu umfram hana.
- 4.2 Upphaf tímabils miðast við þá dagsetningu er fyrst er leitað til dýralæknis vegna tjóns sem telst bótaskyld úr váttryggingunni. Tímabilinu lýkur 100 dögum síðar.
- 4.3 Næsta tímabil eigin áhættu hefst síðan við næstu heimsókn til dýralæknis vegna bótaskylds tjóns.
- 4.4 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

5. Bótakrafa

Með bótakröfu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða hundar kostnaðurinn er, með því að láta fylgja upplýsingar um tegund hundsins og einstaklingsmerkingu, svo sem örmerki eða húðflúrnumér auk annarra einkenna hundsins.

IV. Líftrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Vátryggingarfjárhæð
3. Ákvörðun bóta
4. Aldurstakmörk

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Hundurinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Hundurinn er svo sjúkur eða slasaður að aflífun er ráðlögð samkvæmt álitni dýralæknis, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- 1.3 Hundurinn hverfur og þrátt fyrir eðlilega leit finnst ekki aftur innan þriggja mánaða.
Þegar hundur hverfur ber vátryggingartaka að auglýsa eftir honum í fjölmiðlum og standa fyrir leit að honum.
- 1.4 Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna olnbogaloss (ED) eða liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow). Hundurinn verður að vera ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hafa verið tryggður samfelld hjá félaginu frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - 1.4.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - 1.4.2 Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé olnbogamynduð fyrir pörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.
Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- 1.5 Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna mjaðmaloss (HD) eða liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip). Hundurinn verður að vera ættbókarfærður hjá HRFÍ og hafa verið tryggður hjá félaginu samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - 1.5.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - 1.5.2 Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé mjaðmamynduð fyrir pörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.
Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- 1.6 Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna beinklökkva, bein- og brjóskkveli (osteochondrosis) í öðrum liðum en mjaðma- og olnbogalið ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður hjá félaginu samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.

Félagið greiðir ekki bætur ef hundurinn deyr eða þarf að aflífa hann vegna:

- 1.7 Sjúkdóms sem hundurinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitni dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- 1.8 Mjaðmaloss (HD), olnbogaloss (ED), liðbólgu í mjaðmalið eða olnboga (arthrosis of the hip or elbow), nema samkvæmt því sem tilgreint er í 1. gr. þessa kafla.
- 1.9 Galla í tönnum eða biti.
- 1.10 Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
- 1.11 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr vátryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.

- 1.12 Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
- 1.13 Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
- 1.14 Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
- 1.15 Hundafárs (canine distemper).
- 1.16 Þess að rekja má dauða hundsins beint eða óbeint til þess að hann hafi verið bundinn við vélknúid ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefninn í ökutæki.
- 1.17 Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
Félagið getur farið fram á krufningu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök dauða hundsins. Í slíkum tilfellum greiðir félagið krufninguna.

2. Vátryggingarfjárhæð

- 2.1 Vátryggingarfjárhæð hundsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Vátryggingarfjárhæð kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hundsins.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð.
- 3.2 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama vátryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldurstakmörk

- 4.1 Við upphaf vátryggingarinnar skal hundurinn ekki vera yngri en 8 vikna eða eldir en 5 ára.
- 4.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækkar vátryggingarfjárhæðin um 20%, og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

V. Afnotamissistrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Vátryggingarfjárhæð
3. Ákvörðun bóta
4. Aldurstakmörk

Inngangur

Vátryggingin er annars vegar fyrir hunda sem eru með sérstaka eiginleika og eru samfelld notaðir við vinnu og hins vegar fyrir hunda sem eru notaðir eða munu verða notaðir í kynbótaræktun. Ræktunarhundar skulu vera ættbókarfærðir hjá HRFÍ.

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna vinnuhunds ef:

- 1.1 Hundur hefur sannanlega tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir fyrir vinnu og/eða notkun hans vegna slyss eða sjúkdóms.
Missir sérstakra eiginleika skal staðfestur með vottorði dýralæknis og vitnisburði frá óháðum aðila sem er fær um að dæma hvort hundurinn hafi eiginleikann. Hundurinn verður sannanlega að hafa haft þennan eiginleika fyrir slysið eða sjúkdóminn.
Hafi félagið greitt út bætur vegna þess að hundur hefur misst sérstaka eiginleika til vinnu og/eða sérstakrar notkunar er eigandinn skuldbundinn til þess að nota hundinn ekki framar í þeim tilgangi.

Vátryggingartaki skal geta sýnt fram á að hundurinn hafi skjalfesta verðleika og að hundurinn hafi samfleytt stundað umrædda vinnu eða notkun þar til tjónsatburðurinn átti sér stað.

Félagið greiðir ekki bætur fyrir vinnuhunda vegna:

- 1.2 Sjúkdóms sem hundurinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitni dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- 1.3 Hunds sem ekki er lengur hægt að nota í vinnu vegna mjaðmaloss (HD), liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip), olnbogaloss (ED), liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow) eða beinklökkva, bein- og brjóskkveli (osteochondrosis).
- 1.4 Utanálíggjandi galla, naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
- 1.5 Galla í tönnum eða biti.
- 1.6 Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
- 1.7 Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
- 1.8 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr vátryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
- 1.9 Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusetur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
- 1.10 Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
- 1.11 Hundafárs (canine distemper).
- 1.12 Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúid ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.

Félagið greiðir hlutabætur vegna ræktunarhunds ef dýralæknir staðfestir að:

- 1.13 Hundur hefur tapað frjósemi vegna sjúkdóms í legi, eggjastokkum, blöðruhálskirtli eða eistum.
- 1.14 Tvær sæðisfrumutalningar með minnst sex mánaða millibili sýndu að karlhundur væri ófrjór.
- 1.15 Tík verður ekki hvolpafull eftir mökun við tvo karlhunda sem báðir eru frjósamir og hafa þegar getið af sér hvolpa. Rannsaka skal tíkina til að útiloka að um skammvinnit sjúkdómsástand sé að ræða.
- 1.16 Hundur sé óhæfur í ræktun vegna mjaðmaloss (HD) eða liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip) ef hundurinn hefur verið með afnotamissistryggingu hjá félaginu samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - 1.16.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - 1.16.2 Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé mjaðmamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.

Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- 1.17 Hundur sé óhæfur í ræktun vegna, misvaxtar í olnboga (ED) eða liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow) ef hundurinn hefur verið með afnotamissistryggingu hjá félaginu samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - 1.17.1 Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ
 - 1.17.2 Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé olnbogamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.

Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- 1.18 Ef hlutabætur eru greiddar samkvæmt gr. 1.13 til 1.17 vegna ræktunarhunds sem lifir en ekki er hægt að nota í ræktun skal banna notkun hundsins í ræktunartilgangi hjá HRFÍ þótt möguleiki sé á því að hundurinn sé enn frjósamur eða sæði hans sé til í geymslu.

Félagið greiðir ekki bætur fyrir ræktunarahund vegna:

- 1.19 Sjúkdóms sem hundurinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitni dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- 1.20 Tíkar sem hefur þrisvar átt hvolpa.
- 1.21 Tíkar sem hefur náð sex ára aldri og hefur aldrei eignast hvolpa né heldur karlhunds sem hefur náð sex ára aldri og hefur ekki getið af sér skrásetta hvolpa.

- 1.22 Utanálíggjandi galla, naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
- 1.23 Galla í tönnum eða biti.
- 1.24 Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
- 1.25 Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
- 1.26 Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr váttryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
- 1.27 Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
- 1.28 Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
- 1.29 Hundafárs (canine distemper).
- 1.30 Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúíð ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúíns ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð hundsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hundsins.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en váttryggingarfjárhæð.
- 3.2 Hlutabætur samkvæmt gr. 1.13 til 1.17 eru alltaf 50.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt gr. 3.1.
- 3.3 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama váttryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldursmörk

- 4.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hundurinn ekki vera yngri en 8 vikna eða eldir en 5 ára.
- 4.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækkar váttryggingarfjárhæðin um 20%, og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

VI. Umönnunartrygging

Efnisyfirlit:

- 1. Bótasvið
- 2. Váttryggingarfjárhæð
- 3. Bótatími
- 4. Bótakrafa

1. Bótasvið

Félagið greiðir kostnað vegna:

- 1.1 Vistunar og gæslu hundsins á dýrahóтели eða sambærilegri stofnun, ef váttryggingartaki eða annar fjölskyldumeðlimur með sama lögheimili og býr á sama stað slasast svo alvarlega eða veikist, að ekki er hægt að veita hundinum þá umönnun sem hann þarfnast.

Félagið greiðir ekki kostnað vegna:

- 1.2 Sjúkdóms eða meiðsla sem áttu sér upphaf áður en váttryggingin var tekin.
- 1.3 Viðvarandi sjúkdómsástands einhvers í fjölskyldunni.
- 1.4 Meðgöngu, barnsfæðingar eða tengdra atvika.
- 1.5 Veikinda sem rekja má til misnotkunar áfengis, lyfja, eða áverka sem viðkomandi veldur sjálfum sér.

- 1.6. Ofnæmis fjölskyldumeðlima fyrir hundinum.

2. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. Bótatími

Bótatími getur ekki orðið lengri en 60 dagar á hverju vátryggingartímabili.

4. Bótakrafa.

- 4.1 Bótakröfu vegna umönnunar skal fylgja læknisvottorð um tímabil og veikindi þess einstaklings í fjölskyldunni sem er þess valdandi að ekki er hægt að halda hundinum á heimilinu.
- 4.2 Enn fremur þarf vátryggingartaki að skýra frá ástæðum þess að ekki var hægt að sjá hundinum fyrir umönnun á heimilinu. Skila þarf inn frumriti af reikningi dýrahótelsins.

VII. Ábyrgðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Ábyrgðartími
2. Bótasvið
3. Vátryggingarfjárhæð
4. Eigin áhætta
5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
7. Staða tjónþola við tjón
8. Meðferð bótakrafna

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum saknæmum og ólögðum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

1. Ábyrgðartími

- 1.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 1.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 1.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

2. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 2.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda hunds samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Vátryggingin bætir ekki:

- 2.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 2.3 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) vátryggðs, börn og annað skyldulið, enda eiga þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
Ofangreint ákvæði á einnig við um umsjónaraðila hundsins hverju sinni.
- 2.4 Tjón á munum sem vátryggður eða aðilar samkvæmt gr. 2.3 hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
- 2.5 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 2.6 Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald.
- 2.7 Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem vátryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
- 2.8 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 2.9 Tjón sem rekja má til þess að hundinum verði á mistök við starfa sinn.

3. Vátryggingarfjárhæð

- 3.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.
- 3.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.
- 3.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.
- 3.4 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 4.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 6.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 6.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

- 6.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 6.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

7. Staða tjónþola við tjón

- 7.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málishöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bótakrafna

- 8.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 8.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.